



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 42. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

### 6. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 21. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir og Sigfríð Lárusdóttir í forföllum Herberts Haukssonar. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist eftirfarandi liðir:

- 18: Ósk um fallið verði frá forkaupsrétti v. Smiðjustígs 4.
- 19: Umsagnarbreiðni frá sýslumanni v. tímabundins áfengisleyfis.

Tillagan samþykkt samhljóða. Tölusetning annarra liða mun breytast til samræmis.

Fundarhlé gert til kl. 16:00.

Hér var gengið til dagskrár:

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

1. **Skólanefnd: Fundargerð 10. fundar frá 11. mars 2024.**  
Lögð fram fundargerð 10. fundar Skólanefndar.

Varðandi lið 4 samþykkir sveitarstjórn samhljóða tillögu nefndarinnar um skipan starfshóps sem fjalla á um kosti og galla samrekina leik- og grunnskóla. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir aðilar skipi starfshópinn: sveitarstjóri, formaður skólanefndar, skólastjóri leikskóla, skólastjóri grunnskóla ásamt fulltrúum foreldra beggja skólastiga. Hópurinn skili skýrslu til sveitarstjórnar eigi síðar en 14. maí 2024.

Varðandi lið 7, skóladagatal leikskólans leggur sveitarstjórn til að haldinn verði foreldrafundur þar sem rætt yrði hvernig skóladagatal yfirstandandi skólaárs hefur mælst fyrir. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

2. **Fundargerð 276. fundar skipulagsnefndar frá 13. mars 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. mars sl.**

Lögð fram fundargerð 276. fundar skipulagsnefndar frá 13. mars sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. mars sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 16. Sunnuhlíð spilda (Sunnuhlíðartangi): Sunnuhlíð spilda (Sunnuhlíðartangi) 2; Stofnun lóðar.**

Lögð er fram umsókn um stofnun lóðar úr landi Sunnuhlíðar spilda L211195. Stærð landsins er 19.192,2 fm. Síðar er gert ráð fyrir að lóðin sameinist landi Efra-Sels golfvöllur L203094. Jafnframt er óskað eftir að staðfang L211195 breytist úr Sunnuhlíð spilda í Sunnuhlíðartangi.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfangið Sunnuhlíðartangi. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfangið Sunnuhlíðartangi.*

**Mál nr. 17. Kópsvatn 2: Fyrirspurn; Stækun á efnistökusvæði E28.**

Lögð er fram fyrirspurn er varðar breytta skilgreiningu á námu E28 innan aðalskipulags Hrunamannahrepps. Í breytingunni fælist að afmörkun og efnismagn efnistökusvæðisins myndi aukast úr 50.000 m<sup>3</sup> í u.p.b. 150.000 m<sup>3</sup> auk þess sem hugmyndir eru uppi um jarðvegstípp á svæðinu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að unnin verði skipulags- og matslysing fyrir verkefnið. Nefndin bendir á að efnistaka umfram 50.000 m<sup>3</sup> telst tilkynningarskyld samkvæmt 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda- og áætlana. Málinu vísað til umræðu og afgreiðslu innan sveitarstjórnar Hrunamannahrepps.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að umsækjandi vinni skipulags- og matslysingu fyrir verkefnið.*

**Mál nr. 18. Langholtskot: Landbúnaðarland í frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram umsókn um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Með umsókninni er lögð fram skipulagslysing sem tekur til breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags. Tillagan tekur til um 24 ha spildu innan jarðar Langholtskots L166796. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á landnotkunarflokkni svæðisins úr landbúnaðarlandi yfir í frístundabyggð. Samkvæmt skipulagslysingu hefur landeigandi uppi áform um að útbúa lóðir fyrir allt að 15-20 frístundahús. Yrði þetta gert í 2-3 áföngum. Aðkoma yrði um núverandi veg að námu frá þjóðvegi 341, Langholtsvegi.

Samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags eru byggingar, samfellið skógrækt o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum að jafnaði ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi (flokki I og II) eða verndarsvæðum, en getur eftir atvikum verið í jaðri svæðanna eða þar sem sýnt er fram á að flokkun lands er önnur en gengið er út frá í aðalskipulagi. Svæðið sem breytingin tekur til er í jaðri úrvals landbúnaðarlands og á landi í flokki IV m.v. kort sem tekur til flokkunar landbúnaðarlands. Að mati skipulagsnefndar telst svæðið uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í stefnumörkun aðalskipulags. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslysingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Nánar verði gert ráð fyrir svæðinu í tillögu aðalskipulagsbreytingar og hvernig skilyrði aðalskipulags er varðar flokkun landbúnaðarlands eru uppfyllt. Að mati skipulagsnefndar getur komið til þess að umsögn ráðunautar vegna ræktunarhæfni landsins þurfi að liggja fyrir við ákvörðun sveitarstjórnar um breytta landnotkun svæðisins.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslysinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Nánar verði gert ráð fyrir svæðinu í tillögu aðalskipulagsbreytingar og hvernig skilyrði aðalskipulags er varðar flokkun landbúnaðarlands eru uppfyllt. Sveitarstjórn mælist einnig til þess að landeigandi leggi fram umsögn sérfræðings vegna ræktunarhæfni landsins áður en til endanlegrar afgreiðslu kemur.*

**Mál nr. 22. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. mars sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. mars sl.

DGS  
SA  
BB  
ARJ  
DR

**3. Oddvitaneftnd Uppsveita Ánessýslu: Fundargerð 5. fundar frá 22. feb. sl.  
- Ásamt ársreikningi 2023.**

Lögð fram fundargerð 5. fundar Oddvitaneftndar Uppsveita Ánessýslu ásamt ársreikningi 2023.

*Fundargerðin og ársreikningur lögð fram til kynningar.*

**4. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 106. fundar stjórnar frá 13. mars sl.**  
Lögð fram fundargerð 106. fundar Byggðasamlags UTU bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar en drög að nýjum samþykktum verða lögð fram til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**5. Bergrisinn bs.: Fundargerð 70. stjórnarfundar frá 26. febrúar sl.**

Lögð fram fundargerð 70. stjórnarfundar Bergrisans bs.

*Varðandi lið 4, gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna og notendasamninga þá samþykkir sveitarstjórn gjaldskrána samhljóða.*

*Varðandi lið 6, beiðni um aukið stöðugildi hjá VISS á Flúðum þá fagnar sveitarstjórn jákvæðri afgreiðslu stjórnarinnar sem tryggja mun þeim einstaklingum sem hér njóta þjónustu VISS enn betri þjónustu.*

*Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

**6. Brunavarnir Ánessýslu: Fundargerð 18. fundar stjórnar frá 29. feb. sl.**  
Lögð fram fundargerð 18. fundar Brunavarna Ánessýslu.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**7. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 9. fundar stjórnar frá 16. október sl.**  
Lögð fram fundargerð 9. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**8. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 10. fundar stjórnar frá 6. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð 10. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**9. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 11. fundar stjórnar frá 11. mars sl.  
- Ásamt ársskýrslu 2023.**

Lögð fram fundargerð 11. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga ásamt ársskýrslu 2023.

*Fundargerðin og ársskýrsla lögð fram til kynningar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**10. Bréf frá Umboðsmanni barna frá 18. mars 2024.**

Lagt fram bréf frá Umboðsmanni barna vegna hljóðvistar í skólum. Umboðsmaður barna skorar á sveitarfélög landsins að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að bæta hljóðvist í leik- og grunnskólum.

*Lagt fram til kynningar en erindinu er jafnframt vísað til yfirmanns eignasjóðs.*

**11. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 13. mars 2024.**

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna áskorunar til sveitarfélaga í tengslum við kjarasamninga.

DGS  
SC  
BB  
ARJ

DV

Sveitarstjórn hefur þegar lýst yfir ríkum vilja til að taka þátt í þeim aðgerðum sem samið hefur verið um milli aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að gera yfirlit yfir gjaldskrár sveitarfélagsins og hafa til viðmiðunar gjaldskrár samanburðar sveitarfélaga. Að teknu tilliti til þessara gagna og niðurstöðu kjarasamninga við starfsmenn sveitarfélaga verður tekin ákvörðun um breytingar á gjaldskrám sem og öðrum viðbrögðum sveitarfélagsins vegna kjarasamningsins.

Sigfríð Lárusdóttir vék af fundi undir næsta dagskrárið.

**12. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, rekstrarleyfi.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Elvars Loga Gunnarssonar um leyfi til rekstur gististaðar í flokki II, G íbúðir í Hvítárdal, 846 Flúðum. Fasteignanúmer 220-3421.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

Sigfríð Lárusdóttir tók aftur sæti á fundinum.

**13. Bréf frá Svæðisskipulagsnefnd fyrir Suðurhálendið frá 1. mars 2024.**

Lögð fram tillaga að svæðisskipulagi Suðurhálendisins 2022-2042 eftir auglýsingu. Innan tillögunnar er mótuð framtíðarsýn fyrir Suðurhálendið um sterka innviði, umhyggju fyrir auðlindum, ábyrga nýtingu auðlinda, aðgerðir fyrir loftslagið og góða samvinnu. Tillögunni fylgir greinargerð um landslagsgreiningu fyrir Suðurhálendið, sem er fylgirit svæðisskipulagsins. Tillagan nær yfir hálendishluta sveitarfélaganna Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, og Grímsnes- og Grafningshrepps. Auk þeirra hafa sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg tekið þátt í verkefninu. Tillagan var auglýst frá 15. nóvember 2023 til og með 19. janúar 2024. Athugasemdir og umsagnir bárust við tillöguna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins eftir auglýsingu auk samantektar á andsvörum og viðbrögðum svæðisskipulagsnefndar fyrir Suðurhálendið.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir samhljóða, fyrir sitt leyti, uppfærða og fyrirliggjandi tillögu og greinargerðir að svæðisskipulagi fyrir Suðurhálendið.

**14. Bréf frá Háskólaþelagi Suðurlands frá 18. mars 2024.**

Lagt fram bréf frá Háskólaþelagi Suðurlands þar sem óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu „Atvinnubrú“ en það snýr að því að auka tækifæri sunnlenskra háskólanema á þátttöku í rannsóknum og verkefnum í heimabyggð, sem og auka tengingu þeirra við fyrirtækin á svæðinu.

DGS  
SC

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styðja við verkefnið og felur sveitarstjóra að kynna möguleika Hrunamannahrepps og þær samstarfsleiðir sem hér gætu verið í boði fyrir einstaklinga.

JB  
ARJ

**15. Bréf frá Kjörstjórn Hrunamannahrepps frá 11. mars 2024.**

Lagt fram bréf frá Kjörstjórn Hrunamannahrepps þar sem lagt er til að kjörfundur vegna forsetakjörs 1. júní 2024 verði í Félagsheimili Hrunamanna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kjörfundur vegna forsetakjörs þann 1.júní 2024 verði í Félagsheimili Hrunamanna.

BV

**16. Bréf frá Laufskálar ehf. frá 22. febrúar 2024.**

Lagt fram bréf frá Laufskálum ehf. þar sem óskað er eftir skipulagsbreytingu er varðar skilgreiningu landnotkunar fyrir lóðina Grafarbakki II spilda 1.

Sveitarstjórn vísar fyrirspurninni til skipulagsnefndar til umsagnar.

**17. Bréf frá Magnúsi Helga Loftssyni og Alinu Elenu Balusunu, ódagssett.**

Lagt fram bréf frá Magnúsi Helga Loftssyni og Alinu Elenu Balusunu þar sem óskað er eftir aðgangi í gegnum land sveitarfélagsins frá Hvítárbrúnni að landi Bryðjuholts, vegna tilvonandi námu í landi Kópsvatns 2.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða og felur sveitarstjóra að ganga til samninga við bréfritara enda muni allur kostnaður sem af vegagerð þessari hlýst falla á umsækjanda.*

**18. Ósk um fallið verði frá forkaupsrétti v. Smiðjustígs 4.**

Lögð fram beiðni frá Fasteignasölnni Árborgir ehf um að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti að fasteigninni Smiðjustígur 4, fnr. 220-4218.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti að umræddri eign.*

**19. Umsagnarbeiðni frá sýslumanni v. tímabundins áfengisleyfis.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanni Suðurlands vegna tímabundins áfengisleyfis vegna Páskaballs í Félagsheimili Hrunamanna þann 27.-28. mars 2024.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.*

**Mál til kynningar:**


**20. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 945. fundar stjórnar frá 28.2.2024.**

*Lagt fram til kynningar.*

**21. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð stjórnar frá 23. febrúar 2024.**

*Lagt fram til kynningar.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:36.

Dafí Geir Samuelsson  
Sigríður Þórssdóttir  
Bjarney Úgnisothr  
  
Alexandra Ríos Jóhannesdóttir  
Hildur Hafstein